

Ed.

491. Frumvarp til laga

[182. mál]

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Benediktsson.

1. gr.

3. mgr. 44. gr. laganna orðist svo:

Afsögn vegna greiðslufalls á víxli, er greiðast skal á tilteknum degi eða tilteknum tíma eftir útgáfudag eða sýningu, skal gerð á öðrum þeirra tveggja virku daga, sem næstir koma á eftir gjalddaga, sbr. þó undantekningar í 72. gr. Nú á víxill að greiðast við sýningu, og eiga þá ákvæði þau, er sett eru í næstu málsg. hér að framan um afsögn vegna samþykkisskorts, einnig við um afsögn hans vegna greiðslufalls, eftir því sem við á.

2. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Nú ber gjalddaga víxils á löghelgan dag eða dag, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar, og verður greiðslu þá eigi krafizt fyrr en næsta virkan dag á eftir. Allar aðrar gerðir, er varða víxilinn, svo sem sýning til samþykkis og afsagnargerð, má einnig aðeins framkvæma á virkum degi.

Nú á gerð að fara fram á tilteknum fresti og er lokadagur frestsins löghelgur dagur eða almennur lokunardagur bankastofnana, og lengist fresturinn þá til næsta virks dags á eftir. Löghelgir dagar innan frestsins skulu taldir með, er fresturinn er reiknaður.

Nú er kveðið á um frest í lögum þessum eða sérstökum ákvæðum, og telst þá dagur sá, er fresturinn er talinn frá, eigi með í frestinum.

Frestsdagar til greiðslu eftir gjalddaga gilda eigi um víxla.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1968.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu, sem flutt er að ósk banka og sparisjóða, er lagt til, að í stað orðsins „bankafrídagur“ í nügildandi lögum komi: „dagur, þegar bankastofnanir almennt eru lokaðar“. Með bankastofnunum er átt við banka og sparisjóði. Ástæðan til þessa er sú, að á undanförunum árum hefur það færzt í aukana, að veitt sé frí á laugardögum, einkum yfir sumarmánuðina, og á þetta við um ýmsa starfshópa, t. d. starfsmenn ríkis og bæja, bankastarfsmenn o. fl.

Þar sem þjóðhátíðardagurinn og verzlunarmannafrídagurinn eru ekki löghelgir dagar, lengist ekki frestur sá, sem 2. mgr. 72. gr. laga nr. 93/1933 veitir, en þetta getur vegna hinnar almennu lokunar, bæði skrifstofu notarii publici og bankastofnana á þessum dögum og laugardögum, leitt til þess, að afsögn fáist ekki framkvæmd innan hins lögleyfða frests, sem aftur leiðir af sér missi víxilréttar á hendur ábyrgðarmönnum. Er einkum hætta á þessu, þar sem verzlunarmannafrídagurinn er á mánudegi og 17. júní reyndar líka í ár.

Með tilliti til orðalags nügildandi laga, þar sem gert er ráð fyrir bankafrídegi, þykir eðlilegt að miða fresti þessa við lokunardaga bankastofnana, þar sem víxlar eru yfirleitt vistaðir í þeim.

Um 1. gr.

Eðlilegt þykir að vísa til undantekninga skv. 72. gr.

Um 2.—3. gr.

Sbr. skýringar í greinargerð.